

15. stjórnarfundur Fimleikasambands Íslands haldinn þriðjudaginn 2. október kl 17:00 á skrifstofu FSÍ, Engjateigi 6.

Mættir: Þorgerður Laufey Diðriksdóttir formaður, Arnar Ólafsson varaformaður, Einar Ólafsson, ritari og Jósep Húnfjörð meðstjórnandi. Auk þess sátu fundinn eftirtaldir áheyrnarfulltrúar, Sandra Matthíasdóttir fulltrúi í tækninefnd kvenna. Jafnframt sátu fundinn Helgi Jóhannesson framkvæmdarstjóri FSÍ og Sólveig Jónsdóttir verkefnastjóri í hóp fimleikum.

Friðbjörn Möller, gjaldkeri, Hlíf Þorgeirsdóttir, formaður nefndar um fimleika fyrir alla, Íris Svavarsdóttir formaður tækninefndar í hóp fimleikum og Davíð Ingason verkefnastjóri í áhaldafimleikum boðuðu forföll.

Formaður setur fundinn kl 17.05.

Dagskrá

1. Tilnefning TK fyrir NM U16

Á 14.fundi stjórnar FSÍ lagði verkefnastjóri áhaldafimleika til, í samráði við Tækninefnd karla, að Gennady Zadorozhnyy verði landsliðsþjálfari karla fyrir NEM og NMU. Einnig lagði verkefnastjóri það til að Gennady verði falið að velja í liðin og vera að fullu ábyrgur fyrir þeirri framkvæmd. Stjórn FSÍ samþykkir tillögu verkefnastjóra í áhaldafimleikum

Stjórn Fimleikasambands Íslands hefur borist tilnefning frá landsliðsþjálfara í áhaldafimleikum vegna Norðurlandamóts U16 drengja sem halda á 6.október í Hafnarfirði, Íslandi.

Samþykkt er tilnefning landsliðsþjálfara sem er svohljóðandi:

Keppendur:

Valgarð Reinhardsson, Gerplu,

Eyþór Baldursson, Gerplu,

Hrannar Jónsson, Gerplu,

Egill Kristjánsson, Ármann,

Orri Steinn Guðfinnsson, Ármann,

Stefán Ingvarsson, Björk.

Varamaður, Halldór Dagur Jóseppson, Ármann.

Málið rætt

Stjórn fimleikasambandsins samþykkir tilnefningar landsliðsþjálfara í áhaldafimleikum.

2. Tilnefning TK fyrir NEM

Stjórn Fimleikasambands Íslands hefur borist tilnefning frá landsliðsþjálfara í áhaldafimleikum vegna Norður Evrópumeistaramóts í áhaldafimleikum, sem haldið verður í Glasgow Skotlandi 19-21.október næstkomandi.

Landslið;

Hróbjartur Pálmar Hilmarsson, Gerplu,

Ólafur Garðar Guðmundsson, Gerplu

Sigurður Andrés Sigurðsson, Ármann.

Jón Gunnar Sigurðsson, Ármann

Þjálfari; Gennadiy Zadorozhniy.

Dómari; Andri Vilberg Orrason

Málið rætt

Formaður vék af fundi, Arnar Ólafsson varaformaður tekur við stjórn fundar. Stjórn Fimleikasambandsins samþykkir tilnefningu tækninefndar karla og óskar keppendum velfarnaðar á Norður Evrópumeistaramótinu.

Formaður kemur inn á fundinn og tekur við stjórn fundarins.

3. Tilnefning TKV fyrir NEM

Tækninefnd kvenna tilnefnir eftirfarandi einstaklinga til þess að keppa fyrir Íslands hönd á Norður-Evrópumóti sem haldið verður í Glasgow 19.-21.október 2012.

Landslið:

Dominiqua Belányi, Gróttá

Embla Jóhannesdóttir, Gróttá

Norma Dögg Róbertsdóttir, Gerpla

Thelma Rut Hermannsdóttir, Gerpla

Tinna Óðinsdóttir, Gerpla

Varamenn:

Agnes Suto, Gerpla

Kristjana Ýr Kristinsdóttir, Björk

Sigríður Hrönn Bergbórsdóttir, Gerpla

Þjálfarar: Bergling Pétursdóttir og Guðmundur Brynjólfsson

Dómari: Sandra Dögg Árnadóttir

Málið rætt

Stjórn fimleikasambandsins samþykkir val tækninefndar kvenna og óskar þeim velgengi á Norður Evrópumeistaramótinu.

4. Breyting á Móta- og keppnisreglum FSÍ

Fram komu ábendingar um framkvæmd greiðslu þar sem mörg félög yrðu að hafa reikning svo hægt væri að greiða mótagjöldin. Ný tillaga var kynnt á formannafundi FSÍ, þar sem formenn félaga voru sammála þeim breytingum sem nú eru kynntar.

Ný tillaga;

2 vikum fyrir mót

Seinasti fyrirvari að breyta skráningum á keppendum og dómurum er 14 dögum fyrir mót, þá má draga til baka áður tilkynnt nöfn, með skriflegri tilkynningu til skrifstofu FSÍ. Berist þátttökutilkynningar og skráning á dómurum ekki fyrir þennan tíma, missir viðkomandi félag keppnisrétt í mótinu. Mótagjöld skulu greiðast skv. skráningu 14 dögum fyrir mót. Framkvæmd greiðslu skal vera með þeim hætti að skrifstofa FSÍ sendir reikning fyrir mótagjöldum fyrsta virka dag eftir að frestur til afskráningar er liðinn. Félögin hafa þá 3 daga til að ganga frá greiðslum á mótagjöldum ella komi til sektarálags sem samsvarar tvöföldum þátttökugjöldum félagsins á viðkomandi móti.

Málið rætt

Stjórn Fimleikasambandsins samþykkir breytingarnar.

5. Ályktun formannafundar FSÍ um val á landsliði áhaldafimleika

Bókunin er svohljóðandi; „Formannafundur FSÍ skorar á stjórn FSÍ að beita sér fyrir því að á keppnistímabilinu 2012-2013, verði valið í landslið í áhaldafimleikum karla og kvenna með fullnægjandi fyrirvara. „

Málið rætt

Bókunin er móttækin af stjórn FSÍ.

6. Dómaranefnd FSÍ og hlutverk hennar

Á formannafundi kom fram hugmynd um að dómaramál FSÍ yrði með öðru hætti en núverandi staða er.

Að stofnuð yrði Dómaranefnd sem hefði það hlutverk að mennta dómara og úthluta fjölda dómara á hvert mót, hvort sem þau eru innanlands eða erlendis.

Mælt var með því að ákveðið væri fjölda dómara sem hvert félag þarf að útvega, eftir fjölda þeirra keppenda síðasta vetrar sem viðkomandi félag var með. Að sett yrði upp mengi dómara í byrjun keppnisvetrar og ákveðið fjölda dómara á hverju móti, sett upp eftir þeim styrkleikaflokkum sem þarf á hvert mót.

Að kostnaður við dómgæslu væri þá greiddur af FSÍ, en aðildarfélögin greiddu eftir þeim fjölda dómara sem þau eiga að hafa skv þeim reglum sem gildir um hvert mót fyrir sig.

Að nýta sér þá starfsmenn FSÍ til að sjá um að tilnefndir dómarar eru tiltækir, eftir þeim áætlunum sem dómaranefnd hefur sett fram. Það verkefni einstakra félaga, að fá dómara til að mæta á mót, myndi þá flytjast yfir á skrifstofu FSÍ.

Málið rætt

Stjórn fimleikasambandsins ákvað að senda tækninefndum erindi um dómaranefnd til umsagnar.

7. úthlutun móta FSÍ

Fram kom á formannafundi FSÍ, áhugi á að breyting verði á úthlutun móta FSÍ. Á hverju ári koma fram athugasemdir um úthlutun móta til skrifstofu FSÍ. Horfa verður til þess að aðstæður á keppnisstað verði góðar og að allir eigi jafna möguleika á að halda sterkustu og fjölmennustu mótin.

Málið rætt

Stjórn fimleikasambandsins ákvað að útbúa könnun á meðal félaga um mat þeirra á þeim húsnæði sem mót hafa farið fram í. Út frá þeirri könnun væri hægt að útbúa mengi félaga sem sæju sér fært um að halda hverja tegund móta fyrir sig.

8. Nýr Vinkill og reynsla af Arionbanka mótinu

Framkvæmdastjóri fékk upplýsingar frá Nýjum Vinkli varðandi Arionbankamótið. Verkefnið fór of seint af stað m.t.t. sölu, salan var því minni en væntingar stóðu til. Verðskrá var aðeins of há til að byrja með en það var aðlagað í ferlinum. Vinna var aðeins erfiðari en gert var ráð fyrir þar sem sum fyrirtækjanna sem keyptu auglýsingapakkana, þurftu að láta breyta sínum auglýsingum svo þær hentuðu þessum miðli.

Málið rætt.

Stjórn fimleikasambandsins er tilbúið að skoða samningin við Nýjan Vinkil varðandi þetta verkefni. Ákveðið að kanna með forsvarsmönnum Nýs Vinkils hvort vilji sé til að halda áfram með verkefni.

9. Bréf frá UEG varðandi íslenska dómara á Evrópumeistaramótinu í Hópfimleikum

Fimleikasamband Íslands barst bréf frá UEG þar sem Birni Björnssyni, Sólveigu Jónsdóttur og Auði Ingu Þorsteinsdóttur var boðið að vera yfirdómarar fyrir einstök áhöld á Evrópumeistaramótinu í Hópfimleikum sem fer fram í Aarhús, Danmörku, 18-21.október næstkomandi.

Málið rætt.

Stjórn fimleikasambandsins fagnar þessu boði og lýsir ánægju sinni yfir þá stöðu sem íslenskir fimleikadómarar hafa innan vébanda þeirra alþjóðlegra sambanda sem FSÍ er aðili að.

10. Fundargerð FFA, 13.september, til kynningar.

Fundi slitið kl. 19:10.